

Stjórnarfundur í Geðhjálp

23. nóvember 2023 kl. 16:00

Mætt: Sigríður Gísladóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Elín Atim, Guðrún Þórsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sveinn Rúnar Hauksson, og Grímur Atlason, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð frá 26. október sl.

Fundargerðin samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni síðustu vikna og sagði m.a. frá ráðstefnu sem hann sótti til Bandaríkjanna nú í nóvember.

3. Umsögn um frumvarp til laga um almennar sanngirnisbætur

Lagt er til að Geðhjálp vinni umsögn um frumvarpið með landssamtökunum Proskahjálp. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna umsögnina fyrir hönd Geðhjálpar.

4. Umsögn um fjárlagafrumvarp 2024

5. Styrktarsjóður geðheilbrigðis – tillaga um framlag

Gjaldkeri leggur til að Geðhjálp greiði 20 m.kr. framlag til Styrktarsjóðs geðheilbrigðis sem sjóðurinn noti til úthlutunar styrkja árið 2024. Greiðslan verði innt af hendi í desember 2023.

Tillagan samþykkt.

6. Sjónvarpsþáttur

Formaður segir frá fyrirhuguðum sjónvarpsþætti Geðhjálpar á RÚV sem stefnt er að fari í loftið í febrúar 2024. Formaður og framkvæmdastjóri fara á fund sjónvarpsins í lok nóvember þar sem verkefnið verður rammað inn. Markmiðið er að kynna Geðhjálp fyrir landsmönnum og að þátturinn tengist G vítamín verkefni samtakanna.

7. Jólagleði

Sameiginleg jólagleði starfsmanna og stjórnarfólks Geðhjálpar og Neytendasamtakanna verður haldinn 15. desember nk. frá kl. 12.

8. Önnur mál

Guðrún sagði frá ráðstefnu sem hún sótti á vegum Geðhjálpar í Ljublíana í september.

Elín Ebba Ásmundsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigríður Gísladóttir

E. Atim

Grímur Atlason